

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um staðfestingu starfsreglna stjórnar Flugþróunarsjóðs, nr. 653/2016, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á starfsreglum í fylgiskjali við auglýsinguna:

- a. Við 3. mgr. 1. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi:
Íslandsstofa og ISAVIA kynna starfsemi og reglur sjóðsins gagnvart sínum tengiliðum.
- b. 5. mgr. 2. gr. orðast svo:
Fulltrúi atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins situr fundi stjórnar, ritar fundargerðir og heldur utan um starf stjórnar. Fundargerðir skulu samþykktar og undirritaðar af þeim stjórnarmönnum sem sitja fund hverju sinni.
- c. 2. og 3. mgr. 4. gr. falla brott.
- d. 4. mgr. 6. gr. orðast svo:
Umsækjandi gerir samning við stjórn Flugþróunarsjóðs um styrk úr sjóðnum. Í samningnum skal kveðið á um fyrirkomulag á greiðslu styrksins. Umsækjandi skal skila yfirliti yfir flug og farþegafjölda til vinnuhóps stjórnar. Eftir yfirferð vinnuhópsins er málið tekið fyrir í stjórn og ákvörðun tekin um greiðslur. Greiðslur úr sjóðnum byggja á því að framgangur verkefnis sé í samræmi við samninga þar um.
- e. Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:
 1. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður: Í samningnum skal kveðið á um fyrirkomulag á greiðslu styrksins.
 2. 4. mgr. orðast svo:
Umsækjandi skal skila skýrslu til vinnuhóps stjórnar um framkvæmd samningsins áður en til greiðslu kemur. Eftir yfirferð vinnuhóps er skýrslan tekin fyrir í stjórn sem tekur ákvörðun um greiðslur. Greiðslur úr sjóðnum byggja á því að framgangur verkefnis sé í samræmi við samninga þar um.
- f. Í stað „5. og 6. gr.“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: 6. og 7. gr.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. febrúar 2019.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Sigrún Brynja Einarsdóttir.

Heimir Skarphéðinsson.